

Málfundir um háskóla og rannsóknir

Fyrsti málfundur af fjórum um háskóla og rannsóknir var haldinn föstudaginn 27. nóvember, í Norræna húsinu. Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipuleggur málfundina í samvinnu við [Vísinda- og tækniráð](#) og Rannsóknastofu um háskóla. Málfundirnir eru hluti af vinnu ráðuneytisins við endurskoðun háskóla- og rannsóknamála. Á fyrsta fundi var fjallað um gæðamál háskólanna en næstu fundir fást við hlutverk háskólanna, gæði og fjármögnun rannsókna og um fjármögnun háskólastofnana.

Mennta- og menningarmálaráðherra opnaði fyrsta málfundinn með erindi um stefnu ráðuneytisins í háskóla- og rannsóknámálum og þá vinnu sem hefur farið fram undanfarna mánuði. Hún lagði áherslu á að öll vinna við endurskoðun háskólamála væri unnin í nánu samráði við helstu hagsmunaaðila og að það væri mikilvægt að byggja upp traust. Í kjölfarið fluttu Páll Skúlason, Guðrún Geirsdóttir, Áslaug Helgadóttir, Unnur Þorsteinsdóttir, Ásta Bjarnadóttir og Óli Jón Jónsson erindi um ýmsa þætti gæða- og árangursmats háskólanna undir stjórn Guðmundar Heiðars Frímanssonar.

Daginn áður, fimmtudaginn 26. nóvember, flutti prófessor [Norman Sharp](#), fyrrverandi forstöðumaður gæðamatsstofnunar Skotlands, fyrirlestur um mismunandi form gæðamats og helstu álitamál sem þarf að hafa í huga þegar gæða- og árangursmat er skipulagt. Hann lagði áherslu á að markmið gæðamats ætti alltaf að vera efling gæða og því yrði að vinna það í samvinnu við hagsmunaaðila og ekki andstöðu við þá.

Næsti málfundur verður föstudaginn 11. desember og fjallar hann um hlutverk háskóla.

Gott ár í úthlutun evrópskra styrkja til íslenskra kvikmynda

Árið 2009 var enn og aftur mjög gott ár í úthlutun styrkja frá evrópsku kvikmyndasjóðnum til íslenskra kvikmynda. Um 130 milljónum króna var úthlutað frá [Eurimages kvikmyndasjóði](#) [Evrópuráðsins](#) og [MEDIA áætlun ESB](#) til íslenskra fyrirtækja til að framleiða íslenskar kvikmyndir sem og til að sýna evrópskar kvikmyndir á Íslandi.

Um þessar mundir eru 17 ár frá því að Ísland byrjaði að taka þátt í MEDIA áætlun ESB. Á þessum tíma hefur verið úthlutað um 740 milljónum til íslenskra fyrirtækja til að undirbúa gerð kvikmynda, til framleiðslu þeirra og til íslenskra dreifenda til að sýna um 100 evrópskar

kvikmyndir á Íslandi. Þá hafa 11 íslenskar kvikmyndir fengið úthlutað tæpum 200 milljónum til að sýna í samtals 27 löndum.

Í janúar 2010 verða liðin 20 ár frá því að Íslendingar byrjuðu að taka þátt í Eurimages, kvikmyndasjóði Evrópuráðsins. Síðan þá hafa 25 íslenskar kvikmyndir fengið úthlutað 5.791.304 evrum eða um 638 milljónum íslenskra króna. Þá hafa íslensk framleiðslufyrirtæki tekið þátt í framleiðslu 11 evrópskra kvikmynda sem fengu úthlutað 4.373.081 evru og hefur hluti þeirrar upphæðar verið úthlutað til íslensku framleiðslufyrirtækjanna og verið varið hér á landi.

Sigríður Margrét Vigfúsdóttir hefur verið fulltrúi Íslands í MEDIA áætluninni frá upphafi og í stjórn Eurimages frá 2002.

Skólasókn nemenda óbreytt eða batnað í framhaldsskólum

Í byrjun október 2009 var rafræn könnun um aðgerðir og bjargráð í kjölfar efnahagskreppunnar send skólameisturum í framhaldsskólum. Alls fengu 30 framhaldsskólar sendan spurningalista og í lok október höfðu svör borist frá þeim öllum.


Tilgangurinn með könnuninni var að fanga það andrúmsloft sem ríkir meðal nemenda í framhaldsskólum að mati skólastjórnenda og samstarfsfólks þeirra. Ætlunin er að gera sambærilega könnun einu sinni á skólaönn, þ.e. tvisvar á ári. Að auki verður hefðbundin tölfraeði skoðuð og fylgst með brottfalli o.fl. þáttum. Komi óæskileg þróun í ljós mun ráðuneytið bregðast við því á viðeigandi hátt.

Skólameistarar voru beðnir að leggja mat á stöðuna í sínum skóla miðað við stöðuna fyrir ári síðan. Niðurstöður könnunarinnar sýna m.a. að eftirspurn nemenda eftir stoðþjónustu skóla hefur aukist í tæplega helmingi framhaldsskóla og ber mest á fleiri heimsóknum til náms- og starfsráðgjafa. Fram kemur að skólasókn nemenda er óbreytt eða hefur batnað í

langflestum skólum, eða hjá 86% þeirra, hvergi töldu skólameistarar að þátttaka nemenda í félagslífi skólans hefði minnkað frá í fyrra og langflestir töldu að áfengis- og vímuefnaneysla nemenda væri óbreytt eða hefði minnkað eða í yfir 90% skóla.

Athygli vekur að áhersla framhaldsskóla á

Hefur orðið breyting á skólasókn nemenda miðað við á sama tíma í fyrra?



samvinnu í nærsamfélagi hefur aukist í um helmingi skólanna og ber þar hæst að foreldraráð eru virk í þeim skólum, aukin samvinna er við heilsugæslustöðvar, félagsmiðstöðvar, lögreglu og þjónustumiðstöðvar.

Niðurstöður könnunarinnar má nálgast á [vef ráðuneytisins](#).

Úttektir á grunnskólum

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hyggst láta gera stofnanaúttekir á þremur grunnskólum á vormisseri 2010, sbr. [lög nr. 91/2008](#) um grunnskóla og [reglugerð nr. 658/2009](#) um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald. Hér með er auglýst eftir sveitarfélögum sem hafa áhuga á því að fram fari úttekt á starfi grunnskóla innan þeirra. Afstaða skólastjóra viðkomandi skóla til úttektarinnar þarf að koma fram í umsókninni.

Í úttektinni felst að utanaðkomandi aðili leggur mat á viðkomandi grunnskóla og starfi hans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Verður það m.a. gert með því að skoða fyrirliggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknum úttektaraðila og viðtölum við nemendur, starfsfólk skóla og foreldra. Kostnaður vegna úttektarinnar greiðist af ráðuneytinu.

Umsóknir skulu berast mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá sveitarstjórnnum fyrir 18. desember 2009. Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á [heimasíðu ráðuneytisins](#).

Nánari upplýsingar veita Margrét Harðardóttir og Védís Grönvold á mats- og greiningarsviði ráðuneytisins.

